

Miðvikudaginn 21. marz 1962.

Nr. 61/1961. **Gunnar Gunnarsson**
 (Benedikt Sigurjónsson hrl.)
 gegn
Bæjarsjóði Akureyrar
 (Einar Ásmundsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Útsvarsmál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. marz 1961. Krefst hann þess, að hinum áfrýjaða úrskurði verði hrundið og að synjað verði um framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar. Þá krefst hann og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda að mati réttarins.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og honum dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Ýmis ný gögn hafa verið lögð fram í Hæstarétti í samræmi við úrskurð Hæstaréttar í málinu, uppkveðinn 20. desember 1961.

Er þar m. a. upplýst, að áfrýjandi hafði ekkert herbergi til einkaumráða hjá bróður sínum, er hann dvaldist á Akureyri, heldur fékk að sofa þar í stofu án þess að greiða húsaleigu, að hann hefur verið á skattskrá í Glæsibæjarhreppi árin 1958—1961, að báðum árum meðtöldum, og að hann var aðeins skamman tíma á Akureyri árið 1959 og var af þeim sökum ekki gert að greiða útsvar þar árið 1960.

Stefndi hefur því ekki fært á það sönnur, að áfrýjandi hafi haft heimilisfang í Akureyrarkaupstað á þeim tíma, er hér skiptir máli, sbr. 8. gr. laga nr. 66/1945. Ber því að fella hinn áfrýjaða lögtaksúrskurð úr gildi.

Eftir þessum úrslitum ber stefnda að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst samtals kr. 6000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði lögtaksúrskurður er úr gildi felldur. Stefndi, Bæjarsjóður Akureyrar, greiði áfrýjanda, Gunnari Gunnarssyni, kr. 6000.00 í málskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

Gizurar Bergsteinssonar hæstaréttardómara.

Karl Friðriksson, yfirverkstjóri hjá Vegagerð ríkisins og umsjónarmaður áhaldahúss vegagerðarinnar á Akureyri, hefur hinn 24. janúar 1961 gefið þá skýrslu, að áfrýjandi hafi fyrra hluta árs 1958 unnið í ígripum hjá Vegagerðinni. Nálaggt mánaðamótum júní og júlí nefnt ár hafi áfrýjandi síðan með sínu, þ. e. Karls, samþykki verið ráðinn til vinnu í Norður-Þingeyjarsýslu sem vélamaður hjá Vegagerð ríkisins og hafi þetta verið upphaf að föstu starfi áfrýjanda hjá Vegagerðinni, „því eftir að hann kom þaðan í októbermánuði, hefur hann unnið flesta daga hjá Vegagerðinni og verið tímakaupsmaður sem aðrir vélamenn stofnunarinnar“. Í lok skýrslu sinnar segir Karl, að áfrýjandi hafi „þessi ár, síðan hann kom til Vegagerðarinnar, unnið mestan hluta vor- og sumarvinnu sinnar utan Akureyrar og Eyjafjarðarsýslu“. Samkvæmt skýrslu áfrýjanda, er gefin hefur verið eftir uppsögu hins áfrýjaða úrskurðar, vann hann í Áhaldahúsi Vegagerðar ríkisins á Akureyri öndvert ár 1959, en síðla aprils sendu stjórnendur Vegagerðarinnar hann til Siglufjarðar. Stundaði hann þar vegarstörf um sumarið og haustið, að fráskildum tveimur mánuðum, er hann vann við Múlavegin í Ólafsfirði. Í desember kom hann aftur til starfa í áhaldahúsinu á Akureyri. Á Akureyri hafði hann fæði á Löngumýri 34 hjá bróður sínum og konu hans og svo húsnæði, þó eigi sérherbergi. Hann lét skrá lögheimili sitt á Sólborgarhóli í Glæsibæjarhreppi og var talinn heimilismaður þar samkvæmt Þjóðskrá Hagstofunnar, en þar búa foreldrar hans. Þangað kveðst hann hafa farið í helgarleyfum og stundum endranær og haft þar þjónustu, en eigi stóð hann straum af því heimili, svo séð verði. Í Glæsi-

bæjarhreppi var lagt á hann útsvar 1959, kr. 9515.00, er hann greiddi að fullu 15. október 1959.

Áfrýjandi hafði miklu meiri vist á Akureyri en í Glæsibæjarhreppi árið 1959. Hann starfaði öndvert árið á Akureyri, laut boði yfirverkstjóra þar, m. a. um för til starfa í Siglufirði og í Ólafsfirði, og sneri síðast á árinu aftur til starfa á Akureyri, en þar sem hann hélt uppi nokkrum tengslum við heimili foreldra sinna á Sólborgarhóli í Glæsibæjarhreppi, skráði heimili sitt þar og var eigi, svo séð sé, krafinn um útsvar til stefnda, áður hann lyki útsvari til Glæsibæjarhrepss, þykir stefndi eigi hafa, eins og málum er komið, nægilegan grundvöll undir útsvarskröfu sinni.

Ber því að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi.

Eftir atvikum er rétt, að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 3000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur.

Stefndi, bæjarstjóri Akureyrar f. h. bæjarsjóðs, greiði áfrýjanda, Gunnari Gunnarssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 3000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetadóms Akureyrar 16. febrúar 1961. . .

Gjörð þessi byrjaði hér fyrir fógetadómi hinn 20. febr. s.l. með fyrirtöku beiðni bæjarritara Akureyrar f. h. bæjarsjóðsins um lögtak á hendur Gunnari Gunnarssyni, starfandi við Áhaldahús Vegagerðar ríkisins hér í bæ, til tryggingar útsvari, að upphæð kr. 11.500.00, er niðurjöfnunarnefnd Akureyrar lagði á gjörðarþola 7. ágúst 1959, með dráttarvöxtum og kostnaði við lögtakið og eftirfarandi uppboð, ef til kemur. Gjörðarþoli mótmælir þá þegar kröfu bæjarins og bentj á, að hann hefði greitt útsvar til Glæsibæjarhrepss árið 1959 (kr. 9.515.00), sé enda heimilisfastur að Sólborgarhóli þar í hreppi, þar sem foreldrar hans búa, en hafi hins vegar aldrei átt heimili hér í bæ. Að tilhlutan fógeta gaf gjörðarþoli í þessu fyrsta þinghaldi skýrslu um atvinnu sína og dvalarstaði undanfarin ár. Að þessu sinni gafst ekki tími til að afla frekari gagna og halda gjörðinni áfram, þar eð gjörðarþoli var á förum til Raufarhafnar vegna atvinnu

sinnar. Varð nú mjög löng bið á því, að aftur næðist til gjörðarþola hér í bænum. Í greinargerð, dskj. 6, mómælti umboðsmaður gjörðarþola, að „með mál þetta fari og dæmi lögtaksfulltrúi Akureyrarbæjar, hr. Björn Halldórsson“. Var þeim mótællum hrundið með úrskurði fógeta 15. des. s.l. Atriðið um, hvort gjörðin skyldi fara fram eða ekki, var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi hinn 1. þ. m. Samkvæmt skýrslu gjörðarþola og öðrum framkomnum gögnum eru málsatvik þessi í höfuðdráttum: Gjörðarþoli hefur, að því hann sjálfur telur, verið fastráðinn starfsmaður hjá Vegagerð ríkisins frá því á árinu 1956. Starfi hans er svo háttáð, að hann vinnur í áhaldahúsinu frá því snemma vetrar fram á vor, en er hinn tíma ársins við vinnu fjarri bænum. Karl Friðriksson, yfirverkstjóri hjá Vegagerð ríkisins og umsjónarmaður áhaldahússins hér, hefur gefið skýrslu um starf gjörðarþola (dskj. 10). Hann vill telja, að vinna gjörðarþola í Norður-Þingeyjarsýslu sumarið 1958 hafi verið upphaf að föstu starfi gjörðarþola hjá Vegagerð ríkisins, „því að eftir að hann kom þaðan í októbermánuði hefur hann unnið flesta daga hjá vegagerðinni og verið tímakaupsmaður sem aðrir vélamenn stofnunarinnar“. Skýrsla þessi ber og með sér, að Karl Friðriksson hefur haft íhlutun eða stjórn á vinnu gjörðarþola, og enda vitað, að Áhaldahús vegagerðarinnar á Akureyri er miðstöð fyrir vegavinnuframkvæmdir og viðhald tækja fyrir stórt svæði norðanlands. Tímatakörk vinnu gjörðarþola í áhaldahúsi hafa ekki verið nákvæmlega upplýst, en sjáanlegt er af samanburði á dskj. 3 við dskj. 5, að inni- og útivinna gjörðarþola blandast saman að vetrinum. Kemur þetta vel heim við skýringu umboðsmanns gjörðarþola í munnlegum málflutningi þess efnis, að gjörðarþoli vinni í áhaldahúsinu, þegar ekki sé hægt að „koma við vélavinnu“. Gjörðarþoli, sem er einhleypur, 27 ára að aldri, hafði á leigu herbergi hér í bæ um 3ja mánaða tíma í ársbyrjun 1957. Eftir það telur hann sig ekki hafa haft hér húsnæði á leigu, heldur hafi hann, meðan hann vann hér í bænum, „gist“ á heimili bróður síns að Löngumýri 34 hér, þegar hann fór ekki út í Sólborgarhól til næturdvalar, en það var sjaldnar en hitt. Telur hann sig þó hafa verið eins mikið að Sólborgarhóli utan vinnutíma og hér í bænum, enda kveðst hann vera allar helgar á Sólborgarhóli. Að sjálfsögðu á þetta aðeins við þann tíma, sem gjörðarþoli vinnur í áhaldahúsinu eða í tengslum við það að vetrinum. Gjörðarþoli kveðst kaupa fullt fæði hér í bænum téðan tíma, en hafa þjónustu að Sól-

borgarhóli. Ekkert er fram komið í þá átt, að gjörðarþoli hafi á umræddu tímabili haft nokkra atvinnu í Glæsibæjarhreppi. Við munnlegan flutning málsins var upplýst og viðurkennt, að gjörðarþoli hefði alla stund verið talinn heimilismaður að Sólborgarhóli samkvæmt þjóðskrá Hagstofunnar. Verður því að ætla, að þar hafi verið lögð á hann öll opinber gjöld. Þegar metnar eru framangreindar aðstæður, verður ljóst, að áskilnaður gjörðarþola um heimilisfang að Sólborgarhóli er næsta gerræðiskenndur og óraunhæfur. Ber hér til: 1) Gjörðarþoli er fastráðinn starfsmaður við starfsstöð hér í bæ, er í þessu sambandi má líkja við heimilisfasta atvinnustofnun. 2) Ekki er ætlandi, að gjörðarþoli fái gegnt áhaldahús-starfinu, sem skoða má sem kjarnann í atvinnu hans hjá vegagerðinni, án þess að hafa hér fastan samastað og fæði, svo sem reynslan hefur sannað. Dvalir hans að Sólborgarhóli utan vinnutíma virðast ekki fela í sér annað eða meira en ræktarvott góðs sonar gagnvart öldruðum foreldrum, enda eru dvalir þessar óhjákvæmilega háðar veðri og færð við norðurislenzk skilyrði að vetrarlagi. Ekki getur það talizt mikilvægt, þótt gjörðarþoli geymi að Sólborgarhóli einhverja muni, er hann á, en notar ekki daglega. 3) Tekna sinna aflar gjörðarþoli að langmestu leyti við starfsstöð vegagerðarinnar hér í bæ, og eru þá þar með taldar tekjur af vinnu hans úti um landið að sumrinu, sbr. það, sem áður segir, um stjórn eða íhlutun forstöðumanns áhaldahússins um vinnu gjörðarþola. Þær undantekningar, sem upplýstar hafa verið, virðast og tengdar fyrirtækjum, sem rekin eru hér í bænum. Ekkert er fram komið í þá átt, að gjörðarþoli hafi haft atvinnu hjá nokkru fyrirtæki, sem rekið er í Glæsibæjarhreppi. Ætla má, að það gæti verið gjörðarþola nokkur hvöt til að kjósa heldur að greiða útsvarið til Glæsibæjarhrepps en Akureyrarbæjar, að fyrrnefnt útsvar er mun lægra en hitt. Þegar hér er komið, liggur beint við sú ályktun, að tengsl gjörðarþola við Akureyrarbæ hafi verið slík, að þau leiði til útsvarsskyldu hér í bæ, enda er það í alla staði eðlilegra, almennt skoðað, að gjörðarþoli hefði talið sér fremur heimili hér í bæ en í Glæsibæjarhreppi á umræddu tímabili. Því verður hér talið, að umkrafið útsvar til Akureyrarbæjar hafi verið réttilega á lagt samkvæmt 8. gr. a-lið laga um útsvör nr. 66 frá 1945, og er krafa gjörðarbeiðanda um framkvæmd lögtaksins tekin til greina.

Því úrskurðast:

Gjörð þessi á að fara fram.